

Reglur um móttökur Reykjavíkurborgar

1. gr. Skilgreining

Opinberar móttökur Reykjavíkurborgar eru formlegar móttökur borgarstjórnar og borgarstjóra. Forsætisnefnd ákveður móttökur Reykjavíkurborgar, sbr. 7. tölul. 3. mgr. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, með síðari breytingum. Opinberar móttökur borgarstjórnar eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjórnar. Opinberar móttökur borgarstjóra eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Móttökur sem borgarstjóri býður til vegna starfsmannatengdra viðburða á borð við starfsloka starfsmanns falla ekki undir skilgreiningu 1.mgr., enda sé við það miðað að fjölda gesta sé stillt í hóf. Móttökur einstakra stofnana, fagsviða eða skrifstofa í miðlægri stjórnsýslu eru ekki opinberar móttökur Reykjavíkurborgar. Slíkar móttökur eru á ábyrgð viðkomandi fagsviðs og þurfa að rúmast innan fjárheimilda.

2. gr. Staðsetning

Opinberar móttökur Reykjavíkurborgar eru haldnar í Ráðhúsi Reykjavíkur eða Höfða, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

3. gr. Gestgjafar

Gestgjafar í opinberum móttökum eru borgarstjóri, forseti borgarstjórnar, formaður borgarráðs eða staðgenglar þeirra.

4. gr. Kostnaður

Kostnaður af opinberum móttökum og öðrum móttökum borgarstjóra færist á kostnaðarstað 09202.

Þá er einnig færður á kostnaðarstað 09202 kostnaður vegna gjafakaupa borgarstjóra og borgarstjórnar (lykill 5716 gjafir). Gjafa- og vínlager er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og skal stærð hans stillt í hóf. Ef gjafir eða vín er keypt í tilefni af sérstökum viðburði skal kostnaður gjaldfærður á þann viðburð. Vínkaup vegna móttaka skulu færð á viðkomandi kostnaðarstað og lykillinn 5285 (vínföng). Kostnaður við móttökur einstakra stofnana, fagsviða eða skrifstofa í miðlægri stjórnsýslu færist á viðkomandi kostnaðarstað.

Kostnaðargreining niður á tegundalykla skal fylgja almennum reglum Reykjavíkurborgar um lyklun kostnaðar. Í öllum tilvikum skal móttaka fá sérstakt númer sem skal bókast með hverri gjaldfærslu í vídd 2 eða vídd 3 í samræmi við reglur viðkomandi fagsviða.

5. gr. Ákvörðun um opinberar móttökur

Móttökufulltrúi í samráði við skrifstofustjóra borgarstjóra og borgarritara afgreiðir umsóknir um opinberar móttökur á grundvelli reglna þessara. Skal hann leggja fram yfirlit yfir slíkar afgreiðslur á næsta reglulega fundi forsætisnefndar. Sé vafi um hvort opinber móttaka skuli haldin eður ei, vísar móttökufulltrúi umsókninni til afgreiðslu forsætisnefndar. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara setur nánari verklagsreglu um móttökur borgarstjóra og ber á þeim ábyrgð. Önnur fagsvið/skrifstofur sem halda reglulega móttökur skulu setja sér verklagsreglur.

6. gr. Skilyrði

- a. Skrifleg beiðni um móttöku þarf að jafnaði að hafa borist skrifstofu borgarstjóra og borgarritara á þar til gerðu eyðublaði með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara.
- b. Hámarksfjöldi gesta í Ráðhúsi Reykjavíkur er 600. Hámarksfjöldi gesta í Höfða er 120.
- c. Opinberar móttökur skulu ekki haldnar á laugardögum, helgidögum og almennum frídögum, nema við sérstakar aðstæður. Þá skulu móttökur ekki haldnar á fundartíma borgarstjórnar.
- d. Að meginstefnu til skulu opinberar móttökur ekki haldnar í tilefni af árlegum viðburðum, nema þeir tengist Reykjavíkurborg sérstaklega. Halda má þó móttökur í tilefni af stórafmælum félagasamtaka (25, 50, 75 og 100 ára).

7. gr.

Leiðarljós

Við ákvörðun um opinbera móttöku skal horfa til þess að tilefnið þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga, og/eða sé í samræmi við höfuðborgarhlutverk borgarinnar. Einkum skal horft til mikilvægis móttökunnar fyrir ferðamál í Reykjavík, þess hvort móttaka hafi verið haldin áður af sama tilefni af Reykjavíkurborg eða erlendis, og aðkomu Reykjavíkurborgar að tilefni hennar.

8. gr.

Þátttaka annarra

Halda má opinberar móttökur í samvinnu við ríkið og/eða ríkisstofnanir, enda greiði það þá hluta kostnaðar. Jafnframt getur þriðji aðili verið þátttakandi í móttöku, falli tilefnið að reglum þessum, enda greiði hann hluta kostnaðar. Veitingar í móttökum sem sótt er um að Reykjavíkurborg haldi skulu að öllu leyti greiddar af umsóknaraðila. Reykjavíkurborg leggur til húsnæði, þjónustufólk og annan tilfallandi kostnað auk þess sem borgarstjóri eða fulltrúi borgarstjórnar ávarpar gesti.

Samþykkt á fundi forsætisnefndar 30. janúar 2015.